

BS ritgerð

Viðskiptafræði

Skúffufélög á Íslandi

Sara Henný Húnfjörð Arnbjörnsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Leiðbeinandi: Bjarni Frímann Karlsson lektor
Júní 2010**

Útdráttur

Umfjöllunarefni mitt í ritgerð þessari mun beinast að skúffufélögum á Íslandi þar sem ítarlega verður gerð grein fyrir þeim og starfsháttum þeirra, auk þess sem fjallað verður um ástæður aukinnar ásóknar í að færa eignarhaldsfélögin yfir í sameignarfélög í kjölfar breyttra skattareglna eftir hrun íslenska fjármálakerfisins í október árið 2008. Einnig verður komið inn á skúffufélögin sem aflandsfélög og tilgang þessara félaga í samræmi við markaðsaðstæður í dag og auk þess hlut endurskoðanda í þessum málum.

Lykilorð: Skúffufélög, aflandsfélög, eignarhaldsfélög, samlagsfélög, endurskoðandi.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1 Skúffufélög á Íslandi	5
1.1 Skilgreining og starfsemi	5
1.2 Auðmenn og skúffufélög þeirra	6
2 Aflandsríki og aflandsfélög.....	9
2.1 Tilgangur aflandsfélaga og skilgreining á þeim	9
2.2 Fjölgun félaga í skattaskjólum	11
2.3 Eignarhaldið á huldu	12
3 Eignarhaldsfélög og samlagsfélög.....	15
3.1 Breytingar á eignarhaldi vegna nýrra skattareglna	17
4 Hlutur endurskoðenda auk annarra eftirlitsaðila	20
5 Lokaorð.....	23
Heimildaskrá	24

Töflu- og myndayfirlit

Tafla 2.1 Beinar peningalegar eignir Íslendinga í þekktum skattaskjólum	11
Tafla 3.1 Samanburður skattlagningar	17
Mynd 3.1 Nýskráningar einkahlutafélaga eftir mánuðum 2008-2010	18
Mynd 3.2 Nýskráningar samlagsfélaga 2008-2010	18
Mynd 4.1 Könnun um ábyrgð á bankahruninu	20

Inngangur

Umhverfi fjármálafyrirtækja hefur breyst gífurlega mikið á undanförunum árum. Frá árinu 2003 þegar ríkisbankarnir voru einkavæddir allt fram til loka árs 2008 átti sér stað mikil sprenging í útrás íslenskra fyrirtækja á erlendan markað. Afleiðingar íslensku útrásarinnar eru margþættar en margir vilja meina hana meginástæðu fyrir hruni íslenska fjármálakerfisins í október 2008.

Með útrásinni urðu íslensku bankarnir alþjóðlegir og meðal stærri fjármálastofnana heims. Útlán til einstaklinga og fyrirtækja jukust mjög mikið á þessum tíma og þáttur erlendra lánastarfsemi óx gríðarlega á íslenskum markaði. Sú framþróun sem varð á þessum tíma varð til þess að einstaklingar og fyrirtæki öðluðust meira frelsi í viðskiptum en áður.

Góðærinu fylgdi mikil græðgi og fáir höfðu opin augun fyrir þeim hættum sem virtust óumflýjanlegar. Viðskiptalífið blómstraði, bankarnir stórgræddu og einstaklingar og fyrirtæki fengu sínar lánaþyrngreiðslur með auðveldum hætti. Svokölluð skúffufélög spruttu upp hvert af öðru en það eru fyrirtæki með kennitölu en enga virka starfsemi. Þessi félög fengu lán til ýmissa fjárfestinga án þess að sýna fram á eiginlegan rekstur á markaði. Endurskoðendur virtust skrifa upp á alla ársreikninga án athugasemda enda stórgræddu þeir einnig á góðærinu.

Í október 2008 hrundi svo íslenska fjármálakerfið með tilheyrandi látum. Alþjóðleg lausafjárfarkreppa varð til þess að íslensku bankarnir sem voru yfirskuldsettir féllu um sjálfa sig sem endaði með þjóðnýtingu íslenska ríkisins. Skúffufélögin gátu ekki staðið við skuldbindingar sínar og ekki var mögulegt að ganga á eignir félaganna þar sem engar eignir virtust vera innan þeirra. Beindist þá athyglin að aflandsfélögum sem yfirleitt voru skúffufélög sem virtust forða eignum sínum og fjármunum til aflandsríkja áður en gjaldeyrishöftunum var komið á. Með breyttum skattareglum sem tóku gildi eftir hrun íslenska fjármálakerfisins varð veruleg skerðing á skattalegu hagræði fyrir eigendur skúffufélaganna sem leiddi af sér gríðarlega aukningu á færslum skúffufélaga, sem flest voru skráð eignarhaldsfélög, yfir í samlagsfélagiformið.

Í meginatriðum virðist þetta snúast um eigendur skúffufélaga og aflandsfélaga sem hafa fyrst og fremst eigin hagsmuni að leiðarljósi og reyna eftir fremsta megni að hagræða eignum sínum og tekjum á sem hagkvæmasta hátt þrátt fyrir að það kunni að ganga á hlut annarra.

1 Skúffufélög á Íslandi

1.1 Skilgreining og starfsemi

Skúffufélög eru félög sem eru ekki í eiginlegum rekstri eða framleiðslu heldur eru þau stofnuð um umsýslu og eignarhald á verðbréfum og hlutabréfum í öðrum félögum, stundum öðrum eignarhaldsfélögum, meðal annars til þess að takmarka ábyrgð eigenda gagnvart lánardrottnum. Þessi skúffufélög hafa því hvorki starfsstöð né sýnilega starfsemi. Yfirleitt er um að ræða eignarhaldsfélög sem stofnuð eru um ýmiss konar fjármálaumsýslu aðra en fjármálastarfsemi. Mörg þeirra eru í eigu einstaklinga sem hafa tekið stór lán til kaupa á verðbréfum í þeirri von að hagnast á verðbreytingum á markaði. Skúffufélögin virtust hafa þann eina tilgang að vera einhverskonar fjármögnunarfyrirtæki eigenda sinna, þar sem skuldsetning var mikil en engin rekstrarstarfsemi til staðar.

Með því að stofna svokölluð skúffufélög utan um verðbréfa- og hlutabréfakaup er verið að tryggja að sá einstaklingur sem kaupir bréfin sé ekki persónulega ábyrgur og muni sjálfur ekki tapa neinu fé ef illa fer. Í frétt Morgunblaðsins komst Þorbjörn Þórðarson (2009) svo að orði:

Í flestum tilvikum þýðir þetta að hlutafélagið er í ábyrgð vegna skulda fyrirtækisins en ekki einstaklingur. Dæmi um slík félög eru einkahlutafélög starfsmanna Glitnis sem fengu há lán til hlutabréfakaupa og eignarhaldsfélög sem notuð voru til að fjárfesta í hlutabréfum, oft með lánum gegn veðum í hlutabréfunum sjálfum.

Voru einstaklingar með þessu móti að takmarka persónulega ábyrgð sína því ekki var lengur um að ræða einstaklinga sem voru persónulega ábyrgir fyrir skuldum sínum. Auðvelt reyndist að stofna skúffufélög þar sem kennitalan lá fyrir og gat því kaupandinn notað félagið strax eftir kaup, í stað þess að þurfa bíða eftir að fyrirtækjaskrá skrái félagið og úthluti kennitölu. Öll vinna við breytingar á félögum, svo sem nafnabreytingar, breytingar á stjórn og fleira var unnin fljótt og örugglega eftir þörfum kaupenda, og gögnum komið til fyrirtækjaskrár innan sólarhrings eftir að kaupsamningsgreiðsla hafði verið innt af hendi.

Gríðarleg fjölgun hefur orðið á þessum félögum á undanförunum árum og má þar nefna að við tekjuskattsálagningu árið 1999 voru 246 félög skráð sem

eignarhaldsfélög en við álagningu árið 2008 voru þau orðin 2.872 talsins (Páll Kolbeinsson, 2009). Fjöldi óvirkra fyrirtækja á Íslandi í dag er 14.912 talsins og eru því um 47% skráðra fyrirtækja í raun skúffufélög (Þorbjörn Þórðarson, 2009).

Við hrun íslenska fjármálakerfisins í október 2008 kom í ljós að íslensku skúffufélögin skulduðu yfir þúsund milljarða króna í lok ársins 2007. Í flestum tilvikum er ekki hægt að gera eigendur þeirra persónulega ábyrga fyrir skuldunum og má þar nefna að meðal þessara fyrirtækja eru eignarhaldsfélög sem stofnuð voru til að kaupa hlutabréf í gömlu bönkunum með láni frá sömu bönkum.

1.2 Auðmenn og skúffufélög þeirra

Á þeim tíma sem viðskiptalífið blómstraði og fram að hruni fjármálakerfisins var afar vinsælt hjá hópi auðmanna að skrá eignarhaldsfélag fyrir heimilum sínum. Var þetta fyrirkomulag mjög svo misnotað á síðustu árum, enda taldist það ekki ólöglegt svo lengi sem menn greiddu eðlilega leigu til félagsins eða hlunnindaskatt, en nú hefur mönnum verið gert að endurgreiða skattinum það sem hefur verið skotið undan.

Hannes Smárason hefur verið áberandi í fréttum eftir hrun íslenska fjármálakerfisins og hefur hann verið bendlaður við mörg vafasöm mál. Ef við rýnum í mál Hannesar sem tekið var fyrir í fréttum Vísis (Lóa Pind Aldísardóttir, 2009) þá rannsakaði efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hvort Hannes hefði svikið undan skatti þegar eignarhaldsfélag hans seldi Hannesi sjálfum og konu hans húsin þeirra tvö við Fjölnisveg. Grunur leikur á að hann hafi haft tugi milljóna króna í tekjur vegna sölunnar án þess að borga af þeim tilskilinn skatt. Sem dæmi má nefna að þegar eignarhaldsfélag hefur leigutekjur af húsi þá er möguleiki á að afskrifa smám saman kostnað vegna t.d endurbóta sem auk þess kann að vera frádráttarbær frá skatti. Aftur á móti ef um einstakling væri að ræða sem legði í endurnýjun á baðherberginu heima hjá sér þá væri það að sjálfsögðu ekki frádráttarbært.

Þessa smugu nýtti Hannes sér og má þar nefna að á þriggja ára tímabili, eða á árunum 2005-2007 gerði hann endurbætur á húsi sínu fyrir um 350 milljónir króna (Stígur Helgason, 2009). Hér mætti því ætla að húsnæðis kaupin hafi ekki verið gerð í ábataskyni heldur sé hugsanlega um málamyndagering að ræða. Einnig skal taka það fram að þegar eignarhaldsfélag tekur lán til að borga endurbætur þá er eigandinn laus við alla áhættu eins og fyrr hefur verið greint frá um eignarhaldsfélög og ábyrgðir þeirra. Út frá því sést að ef lánið gjaldfellur þá er ekki hægt að elta eignarhaldsfélagið

umfram veð eins og hægt er með einstaklinga sem skráðir eru persónulega fyrir lánnum sínum.

Annað mál tengt Hannesi sem brýnt þykir að upplýsa um varðar eignarhaldsfélagið Stím. Agnes Bragadóttir (2008) blaðamaður Morgunblaðsins greindi frá því í fréttum að þeir félagar Jón Ásgeir Jóhannesson og Hannes Smárason hefðu ákveðið á leynifundi í október árið 2007 að stofna leynifélagið FS37 ehf sem síðar varð Stím, og notað það til kaupa á bréfum í FL Group og Gamla Glitni til að halda uppi gengi bréfanna sem á þessum tíma hafði hríðfallið. Eini skráði eigandi félagsins er Jakob Valgeir Flosason, útgerðarmaður á Bolungarvík sem ávallt hefur neitað að tjá sig um málefni Stíms og hefur Jón Ásgeir einnig tilkynnt að hann hafi ekki komið nálægt félaginu Stím sem menn þó deila harðlega um.

Eignarhaldsfélagið FS37 sem jafnframt var skúffufélag fékk um 25 milljarða króna lán frá Gamla Glitni til að kaupa hlutabréf í FL Group og Glitni sjálfum. Fjármagnaði Glitnir þessi kaup án nokkurra ábyrgða þar sem engar persónulegar ábyrgðir voru lagðar fram líkt og tíðkast hjá eignarhaldsfélögum, ekki var gert neitt áhættumat og í lánabókum bankans kom ekki fram hver væri ábyrgur fyrir lánveitingunni. Einungis var tekið veð í bréfunum sjálfum í FL Group og Gamla Glitni. Lánið gjaldféll síðan í október árið 2008 og þar sem eigendur Stíms voru ekki persónulega ábyrgir fyrir skuldbindingum eignarhaldsfélagsins, var ekki hægt að ganga eftir skuldinni (Valur Grettisson, 2008). Eina tapið sem eigendur Stíms þurfa að bera eru þær 88 þúsund krónur sem það kostaði að stofna eignarhaldsfélag árið 2007. (PricewaterhouseCoopers, 2009). Því er auðséð að bankinn þurfi væntanlega að afskrifa 13 milljarða króna í bókum sínum vegna taps hjá félaginu árið 2008 (Vísir, 2008). Mál Stíms er nú til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara efnahagshrunansins, en verið er að athuga hvort markaðsmisnotkun hafi átt sér stað í viðskiptum með hlutabréfin sem Stím keypti. Virtust kaupin hafa þann tilgang að hafa áhrif á virði hlutabréfanna í Glitni og FL Group, og með því að hækka virði þeirra eða halda því uppi var fyrst og fremst verið að verja hagsmuni hluthafanna (Ingi Freyr Vilhjálmsson, 2010).

Ber einnig að nefna að Hannes Smárason er fyrrverandi forstjóri FL Group en hann var í forsvari fyrir félagið á árunum 2006-2007. Hann er grunaður um að hafa skotið fjármunum undan í rekstri félagsins á þessum tíma og eftir viðamiklar rannsóknir á máli þessu komst skattrannsóknarstjóri að þeirri niðurstöðu að um stórtæk skattsvik væri að ræða og hyggst hann kyrrsetja hundruð milljóna í eigu

Hannesar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Snýst þessi kyrrsetning um háar fjárhæðir sem skráðar voru sem rekstrarkostnaður FL Group en hefðu átt að vera taldar fram til skatts sem hlunnindi. Áætlað er að skattkrafan hljóði upp á minnst 50 milljónir króna (Stígur Helgason, 2010). Má því sjá mikil tengsl milli liðinna atburða á íslenska fjármálamarkaðnum sem síðar mátti rekja til aðdraganda hrunsins.

Ef vikið er yfir í önnur málefni tengd aðdraganda hrunsins þykir áberandi sú umræða um lánveitingu Landsbankans til skúffufélagsins IG ehf. í formi kúluláns til þriggja ára sem hljóðar upp á 26 milljarða króna. Var lánið veitt eftir að bankinn var kominn í eigu ríkisins og kemur það ekki til greiðslu fyrr en að loknum samningstímanum (Ritstjórn DV, 2009). Þannig var mál með vöxtum að útgerðarfélagin Brim og Hraðfrystihús Gunnvarar í Hnífsdal notuðu skúffufélagið IG ehf. til að lagfæra skuldastöðu útflutningsfyrirtækisins Icelandic Group með því að flytja tugmilljarða skuldir Icelandic Group yfir í IG ehf. Veðið fyrir láninu var síðan í hlutabréfum í Icelandic Group og má því segja að áhætta útgerðarfélaganna tveggja sé í raun og veru engin. Hér eru því auðmenn sem eru búnir að keyra fyrirtæki í þrot, að fá risastórt kúlulán í banka sem ríkið er búið að taka yfir gegn engum veðum nema bréfum í fyrirtækinu sjálfu. Má deila mjög svo um siðferðið í þessu máli.

Eftir hrun íslenska fjármálakerfisins hefur aukin athygli beinst að eigendum skúffufélaga, því eins og sjá má af þessum örfáu fréttaskotum sem talin voru upp hér að ofan, er verið að leika allverulega á íslenska fjármálakerfið. Auðmenn eru að nota skúffufélög sín til að hagræða eignum sínum auk þess að koma sér undan skatti og persónulegri ábyrgð. Nær allir íslensku útrásarvíkingarnir eru nú til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra vegna meintra stórtækra skattsvika.

2 Aflandsríki og aflandsfélög

2.1 Tilgangur aflandsfélaga og skilgreining á þeim

Ein merking orðasambandsins *aflands ríki* er „vörur eða fjármunir sem varðveittir eru í öðru landi.“ Fyrirtæki taka að sér þá þjónustu að vernda félög í öðrum ríkjum fyrir afskiptum yfirvalda og eru önnur orð yfir þetta *skattaskjól* og *skattaparadís* (Guðrún Kvaran, 2009). Ermarsundseyjarnar Guernsey og Jersey, ásamt Mön sem liggur milli Írlands og Bretlands, hafa löngum verið þekkt skattaskjól og eru orðnar frægar fyrir ýmiss konar fjármálastarfsemi s.s. bankaþjónustu sem er veitt einstaklingum og fyrirtækjum utan hins eiginlega starfsvettvangs þeirra. Önnur skattaskjól má meðal annars nefna Bresku Jómfrúreyjarnar eða Tortola-eyju, Kýpur, Lúxemborg og Cayman-eyjar.

Félög sem skráð eru í aflandsríkjum eru oftast svokölluð skúffufélög. Stofnun félaganna hófst um miðjan tíunda áratuginn þegar íslensk fjármálafyrirtæki fóru að bjóða stórum viðskiptavinum sínum að láta söluhagnað af hlutabréfaviðskiptum renna inn í slík félög. Á þeim tíma voru skattalög á Íslandi þess eðlis að greiddur var tíu prósent skattur af slíkum söluhagnaði upp að 3,2 milljónum króna. Allur annar hagnaður umfram þá upphæð var skattlagður eins og hverjar aðrar tekjur, sem á þeim tíma þýddi 45 prósent skatt (lög nr. 36/1991, 4.gr).

Vegna skattareglanna sáu margir stórir fjárfestar sér hag í því að geyma ávinning af hlutabréfasölu í hlutafélögum sem voru skráð annarsstaðar en á Íslandi og greiddu sér síðan arð úr þessum félögum. Í flestum tilfellum sáu dótturfélög íslenskra banka í Lúxemborg um að stofna þessi félög og heimildir Morgunblaðsins (Þórður Snær Júlíusson, 2009c) herma að Kaupþing hafi haldið sérstakar kynningar fyrir viðskiptavinum sína þar sem þeim var sýnt fram á hagræðið sem fékkst af þessari aðferð. Þetta fyrirkomulag var ekki talið ólöglegt en þeir aðilar sem áttu þessi félög komu sér hjá því að greiða skatta á Íslandi. Því virtist meginmarkmiðið felast í því að flytja í burtu gróðann til að komast undan fjármagnstekjuskatti. Má einnig nefna að félög frá Tortola-eyju, sem skráðu sig héraðs til að stunda fjármálaviðskipti, áttu fimm milljarða króna á Íslandi árið 2006 en engar peningalegar eignir í árslok 2007, einungis ári síðar. Þar snérist fjármálaviðskiptin því fyrst og fremst um að færa fé frá Íslandi. Enn fremur skal nefnt að meira en hundrað eignarhaldsfélög voru skráð

hérlandis fyrir árslok 2007 en samt sem áður áttu þau engar peningalegar eignir á Íslandi á þeim tíma (Þórður Snær Júlíusson, 2009d).

Lögum um skattlagningu fjármagnstekna (lög nr. 94/1996, 1.gr.) var fyrst breytt um síðustu aldamót. Eftir lagabreytinguna var allur söluhagnaður af hlutabréfum skattlagður um tíu prósent og íslenskt skattaumhverfi því orðið afar samkeppnishæft. Við lagabreytinguna hvarf það skattahagræði sem hafði verið af því að geyma eignir inni í þessum félögum. Frá aldamótum hafa þau því fyrst og síðast verið stofnuð til að fela raunverulegt eignarhald í skjóli mjög sterkrar bankaleyndar í aflandsríkjunum eða til að dylja tekjur eða eignir sem eitthvað athugavert var við hvernig myndast höfðu.

Eftir hrun fjármálakerfisins tóku í gildi breyttar skattareglur og hafa hundruð félaga verið stofnuð í aflandsríkjum eftir þessa lagabreytingu enda þykir framkvæmdin mjög svo einföld. Ef nefnt er dæmi sem birt var á vef Ríkisútvarpsins (2009) um hvernig Kaupþing stofnaði eignarhaldsfélög fyrir viðskiptavinum sína, þá átti bankinn nokkur fyrirtæki á Tortola-eyju sem stofnuðu skúffufélög með skrásett heimilisfang Kaupþings í Lúxemborg. Endurskoðandi þessara skúffufélaga var síðan enn annað félag á Tortola-eyju og voru öll félögin skráð með sama pósthólfið á eyjunni. Samkvæmt íslenskum lögum um endurskoðendur er ekki heimilt að endurskoðunarfyrirtæki sé skráð á pósthólf í fjarlægum heimshluta, en í Lúxemborg er slíkt látið duga. Peningarnir fóru síðan í raun aldrei til Tortola-eyju heldur var fyrirkomulagið aðeins tæknilegs eðlis. Kostnaðurinn við að láta til dæmis Kaupþing sjá um lítið eignarhaldsfélag í Lúxemborg var um hálf milljón á ári og var Gamla Kaupþingi mikið í mun að auglýsa þessa þjónustu sína um stofnun eignarhaldsfélaga. Hinir bankarnir tveir, þeir Glitnir og Landsbankinn, stofnuðu einnig eignarhaldsfélög fyrir viðskiptavinum sína en Kaupþing virðist hafa verið einna öflugast í þessum viðskiptum. Þótt íslensku bankarnir starfi ekki lengur í Lúxemborg eru þar ýmis önnur fyrirtæki og bankar sem sjá um slíka starfsemi. Dæmi eru um að Íslendingar starfi hjá slíkum fyrirtækjum og hafa þá íslenska viðskiptavinum sínum í viðskiptum. Það er því ekki sjálfgefið að þetta fyrirkomulag leggist af þó íslensku bankarnir séu þar ekki lengur. Spurningin sem menn veltu fyrir sér var af hverju svo margir Íslendingar kusu að fara þessa leið. Hefur nú verið sýnt fram á það að stór hluti þeirra sem settu upp félög af þessu tagi gerðu það í skattalegu sjónarmiði eða til að fela hið raunverulega eignarhald.

2.2 Fjölgun félaga í skattaskjólum

Fjölgun íslenskra félaga í skattaskjólum eins og Tortola-eyju, Kýpur, Mön, Jersey, Guernsey og Cayman-eyjum nam um 40% árið 2008 meðan heildareignir Íslendinga erlendis brunnu upp. Á árinu 2008 jukust beinar fjármunaeignir Íslendinga í þekktum skattaskjólum um 27,2 milljarða króna og námu alls 72,5 milljörðum króna í árslok, á meðan öll fjármunaeign Íslendinga erlendis lækkaði um þriðjung, eða um 463 milljarða króna. Taka verður með í reikninginn að krónan veiktist um tæp 44% á árinu 2008, sem hækkaði virði erlendra eigna (Þórður Snær Júlíusson, 2009f).

Tengsl íslenskra kaupsýslumanna við Kýpur hafa vaxið gífurlega á undanförunum árum og um það bil helmingur fjármunanna sem geymdir eru í skattaskjólum, eða tæpir 35 milljarðar króna, er geymdur þar. Eignir Íslendinga jukust um 45% á Kýpur á árinu, eða um rúma 15 milljarða. Sem dæmi var stærsti eigandi Landsbankans fyrir hrun, Samson eignarhaldsfélag, í helmingseigu kýpverska félagsins Bell Global Investments, sem var í eigu Björgólfsfeðga. Alls stunda 58 félög frá Kýpur fjármálastarfsemi hérlendis og er mestur hluti þeirra í umsjón íslenskra banka (Þórður Snær Júlíusson, 2009f).

Íslenskir auðmenn virtust ekki hafa byrjað að færa peninga beint frá Íslandi til Tortola-eyju fyrr en á árinu 2005. Síðan þá hafa beinar peningalegar eignir Íslendinga þar aukist um 350 prósent og stóðu í 8,2 milljörðum króna í árslok 2007. Mest af beinum peningalegum eignum Íslendinga í þekktum skattaskjólum var geymt á eyjunum Mön og Kýpur. Peningar sem Íslendingar geyma á báðum eyjunum hafa margfaldast á undanförunum árum (Þórður Snær Júlíusson, 2009e).

Tafla 2.1 Beinar peningalegar eignir Íslendinga í þekktum skattaskjólum (Þórður Snær Júlíusson, 2009f)

í milljónum kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Kýpur	559	847	1.005	8.169	10.334	15.904	18.460
Mön	3.945	165	248	218	248	4.170	13.347
Tortola-eyja	-	-	-	-	2.353	7.828	8.207
Guernsey	495	3	9	-	-	2.874	2.712
Jersey	-	-70	-	-	-	-	717
Cayman-eyjar	-	-	134	244	191	335	296
Samtals	4.999	945	1.396	8.631	13.126	31.111	43.739

Á árunum 2000 til 2007 fengu að meðaltali um 13,5 félög skráð á Tortola-eyju leyfi til að stunda fjármálastarfsemi á Íslandi. Þeim fjölgaði hins vegar mikið á árinu 2008 þegar alls 29 slík félög sóttu um slíkt leyfi. Tortola-félögin sem störfuðu á Íslandi urðu því tvöfalt fleiri á síðasta ári en þau höfðu verið árin áður. Um helmingur þessara 29 félaga, eða fjórtán, sótti um og fékk starfsleyfi á Íslandi á tímabilinu ágúst 2008 og fram í október, en í byrjun þess mánaðar hrundi síðan íslenska bankakerfið. Því voru stofnuð fleiri félög í aðdraganda bankahrunsins en höfðu verið stofnuð að meðaltali á ári frá aldamótum (Þórður Snær Júlíusson, 2009a).

Alls fengu 136 félög sem skráð eru til heimilis á Tortola-eyju leyfi til að stunda fjármálaviðskipti á Íslandi á árunum 2000 til 2008. Engir skattar eru greiddir af eignum á eyjunni og eini kostnaðurinn sem fylgir skráningu félags þar er árleg endurnýjun sem kostar um 300 Bandaríkjadali. Öll félögin eru skráð á nokkur heimilisföng í höfuðborginni Road Town. Stóru viðskiptabankarnir þrír, Kaupþing, Landsbanki Íslands og Glitnir, og aðilar þeim tengdir eru skráðir umsjónaraðilar meirihluta þeirra Tortola-félaga sem hafa fengið starfsleyfi á Íslandi. Alls eru 87 af þessum 136 félögum sem fengu leyfi til að stunda bankaviðskipti á Íslandi á árunum 2000 til 2008 í umsjón bankanna, eða um 65 prósent (Þórður Snær Júlíusson, 2009a).

Ríkisskattstjóri hefur samkvæmt fréttavef Viðskiptablaðsins (Þórður Snær Júlíusson, 2010) kortlagt eignarhald á yfir 100 aflandsfélögum sem embættið er að skoða með það til hliðsjónar að endurheimta mögulegar skattgreiðslur sem stungið hefur verið undan með ýmsum hætti. Íslenskir auðmenn létu til að mynda dótturfélög bankanna í Lúxemborg stofna aflandsfélög fyrir sig og hlupu upphæðirnar sem færðar voru inn í félögin upp á tugi milljóna króna og jafnvel nokkra milljarða króna. Að mestu leyti var um fyrrum viðskiptavinum Kaupþings að ræða og samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra ætlar embættið sér að greina alls 419 félög sem skráð eru í þessum þekktu skattaskjólum.

2.3 Eignarhaldið á huldu

Félög sem íslenskir viðskiptabankar stofnuðu í aflandsríkjum eru flest stofnuð af dótturfélögum bankanna erlendis og þess vegna eru upplýsingar um þau ekki skráðar í Fyrirtækjaskrá á Íslandi. Því er ljóst að upplýsingar um raunverulegt eignarhald félaga sem skráð eru í aflandsríkjunum, sem mörg hver áttu stóra hluti í skráðum íslenskum hlutafélögum, huldar nema hinir raunverulegu eigendur kjósi að

upplýsa um eignarhaldið. Aðrir aðilar á hlutabréfamarkaði gátu því ekki með nokkru móti vitað hverjir áttu stóra hluti í meðal annars tveimur stærstu bönkum landsins þegar þeir keyptu bréf í þeim. Hlutaskrá hlutafélaga er einnig almennt ekki aðgengileg öðrum en hluthöfum og eftir atvikum stjórnvöldum. Fjármálaeftirlitið aflar einungis slíkra upplýsinga vegna rannsókna á einstökum málum, s.s. í tengslum við virka eignarhluti (Þórður Snær Júlíusson, 2009a).

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri líkir þessu hulda eignarhaldi við leiksvið en hann komst svo að orði í samtali við Morgunblaðið (2009): „Þetta er í raun svipað og tjald á leiksviði. Tjaldið er dregið fyrir og þú sérð ekki leikarana. Þú sérð bara tjaldið og veist ekki hvað er að gerast á bak við það“. Ef stjórnvöld eiga erfitt með að rekja raunverulegt eignarhald er það nær ómögulegt fyrir almenna fjárfesta.

Oft var varað við þessari þróun á fjölgun eignarhaldsfélaga í aflandsríkjum, en á ársfundi Fjármálaeftirlitsins í nóvember árið 2007 fjallaði Jónas Fr. Jónsson, þáverandi forstjóri eftirlitsins, um nauðsyn þess að eignarhald erlendra félaga á íslenskum hlutabréfum lægi fyrir. Hann sagði að hlutaskrá einstakra félaga veitti óljósa mynd af raunverulegum eigendum hluta. Taldi hann að endurskoða yrði hlutafélagalögin og lög um verðbréfaskráningu með það að markmiði að ávallt væri ljóst hver hinn raunverulegi eigandi væri (Þórður Snær Júlíusson, 2009c).

Samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti nr. 64/2006 þurfa bankar og aðrir tilkynningaskyldir aðilar að gera þá kröfu til allra nýrra viðskiptamanna að þeir sanni á sér deili. Það þýðir að bankar þurfa að sannreyna hver sé raunverulegur eigandi eða stjórnandi þess félags sem hefur viðskipti við hann. Því ættu upplýsingar um raunverulega eigendur eða stjórnendur þessara félaga samkvæmt lögnum að liggja fyrir hjá viðkomandi bönkum. Virðist takmarkað hafa verið farið eftir þessum lögum þar sem bankarnir geta í mörgum tilfellum ekki greint frá raunverulegum eigendum eignarhaldsfélaga í aflandsríkjum. Er því í raun og veru ekki verið að brjóta gegn ákvæðum fyrrnefndra laga? Það kemur skýrt fram samkvæmt 9. gr. laganna að: „Hafi ekki reynst mögulegt að fullnægja skilyrðum 1. og 2. mgr. 5. gr. er óheimilt að framkvæma viðskipti eða stofna til samningssambands við viðkomandi.“ (lög nr. 64/2006), en 5. grein laganna fjallar um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn. Einnig kemur fram í lögnum að hafi þegar verið stofnað til viðskiptasambands og ekki sé hægt að sannreyna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, þá skuli þegar í stað binda endi á það. Jafnframt skal meta hvort

ástæða sé til að senda lögreglu tilkynningu vegna þessa. Þessum ákvæðum virtust bankarnir því ekki hafa farið eftir.

Sú staða hefur jafnvel komið upp að bankarnir geta ekki greint frá raunverulegum kröfuhöfum í bankana sjálfa þar sem þeir vita engin deili á þeim. Má þar nefna írsku sjóðinn Burlington Loan Management sem stofnaður var í apríl árið 2009 og er stærsti erlendi kröfuhafinn í Gamla Glitni og jafnframt skúffufélag í eigu þriggja annarra skúffufélaga samkvæmt írsku fyrirtækjaskránni. Sjóðurinn er skráður til húsa hjá lögfræðistofu í Dyflinni á Írlandi ásamt eigendum þess, þ.e. skúffufélögunum þremur. Mjög svo takmarkaðar upplýsingar má finna á netinu um sjóðinn og hefur sjóðurinn ekkert skráð símanúmer né starfsmenn. Einungis finnast upplýsingar um hvenær sjóðurinn var stofnaður ásamt heimilisfangi.

Árni Tómasson formaður skilanefndar Gamla Glitnis viðurkenndi í samtali við fréttastofu Vísis (2009c) að hann vissi lítið um sjóðinn en þeir sem standi á bakvið hann séu skuldabréfaeigendur og tengist sjóðurinn stærri vogunarsjóði að nafni Davidson Kempner. Sjóðurinn virðist vera vogunarsjóður sem keypti skuldabréf í Gamla Glitni fyrir um 150 milljarða króna á eftirmarkaði sem fór af stað í kjölfar hruns íslenska fjármálakerfisins og eru þessar 150 milljarða króna kröfur í þrotabú bankans settar fram í tuttugu liðum og tilkomnar vegna þessara skuldabréfa.

Árni kom því fram í þessu sama viðtali við fréttastofu Vísis að kröfuhöfum væri ekki skylt að koma fram undir nafni en þeir aðilar sem vilji hins vegar fara með ráðandi hlut í bankanum þyrftu að fara í gegnum formlegt ferli hjá Fjármálaeftirlitinu og gefa upp allar upplýsingar. Þykja þessar staðhæfingar sérkennilegar þar sem samkomulag náðist um miðjan október í fyrra um að Gamli Glitnir, fyrir hönd kröfuhafa, eignaðist 95% hlutafjár í Íslandsbanka og má því segja að írski sjóðurinn sé í raun óbeint stærsti einstaki eigandi Íslandsbanka með um 4% eignarhlut í bankanum. Samt sem áður þekkja hvorki skilanefnd Gamla Glitnis né slitastjórn bankans eitthvað til sjóðsins og hafa fulltrúar hans ekki sett sig í samband við skilanefndina né eiga þeir sæti í kröfuhafaráðinu þrátt fyrir að vera stærsti erlendi kröfuhafinn (Vísir, 2009a, 2009b).

3 Eignarhaldsfélög og samlagsfélög

Stofnendur skúffufélaga notuðust mikið við einkahlutafélagaformið en við stofnun slíks félags er lágmarkshlutfé 500.000 kr. Nægilegt er að hluthafi sé aðeins einn og er kostnaður við skráningu 130.500 kr. (PricewaterhouseCoopers, 2010). Helsti kosturinn við þetta félagform er að hluthafar bera ekki persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins. Þannig getur nánast hvaða einstaklingur sem er stofnað sér einkahlutafélag til að standa undir fjárfestingum sínum og ef illa fer er einungis félagið ábyrgt fyrir skuldunum sem jafnvel yrði gjaldþrota, en ekki væri gengið á eignir einstaklingsins. Voru einstaklingar því að fjárfesta fyrir háar upphæðir með einungis bréfin sjálf að veði og má því segja að tapsáhættan væri sama sem engin. Hagnaður einkahlutafélags er skattlagður í 18% skattþrepi og sama átti við um arðgreiðslur fram að árinu 2010. En með breyttum skattareglum sem tóku gildi nú í upphafi árs 2010 kemur fram að:

Hjá þeim skattaðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. skal telja til tekna sem laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. 50% af heimilum úthlutuðum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs (lög nr. 128/2009, 3. gr.).

Nánar verður fjallað um breyttar skattareglur í næsta kafla.

Þar sem bókfært eigið fé skúffufélaganna er yfirleitt ekkert þá skiptist heildararðgreiðslan í tvennt þar sem helmingurinn skattleggst með 18% fjármagnstekjuskatti og hinn helmingurinn skattleggst samkvæmt þrepaskiptum tekjuskatti þar sem upphæðir að 200.000 kr. skattleggjast með 37,22% tekjuskatti, upphæðir umfram það og upp að 650.000 kr. skattleggjast með 40,12% tekjuskatti og fjárhæðir þar fyrir ofan með 46,12% tekjuskatti (lög nr. 128/2009, 26. gr.). Aftur á móti, ef eitthvert eigið fé er til staðar í félaginu þá skattleggst arðsúthlutun að 20% af skattalegu bókfærðu virði eigin fjár með 18% fjármagnstekjuskatti. Afgangurinn skiptist svo til helminga líkt og áður var nefnt.

Sést því að með breyttum skattareglum skerðist verulega skattalegt hagræði eigenda skúffufélaganna og eigenda annarra eignarhaldsfélaga. Af því leiðir sú tilhögun að færa sig yfir í samlagsfélagformið. Samlagsfélag er nokkurskonar blanda

af sameignarfélagi og hlutafélagi. Ekkert lágmarks stofnfé þarf að vera til staðar en minnst tveir skulu vera félagsmenn, en ekki einn eins og með einkahlutafélög. Kostnaður við skráningu er 89.000 kr. og stimpilgjald er 2% af framlögðu stofnfé, þó aldrei lægra en 100 kr. Að minnsta kosti einn aðili ber beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en ábyrgð annarra aðila takmarkast við tiltekna fjárhæð eða ákveðið framlag (PricewaterhouseCoopers, 2010).

Meginmunurinn á samlagsfélagi og sameignarfélagi er sá að í sameignarfélagi bera allir félagsmenn beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, þ.e. einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð, en í samlagsfélagi þarf einungis einn aðili að bera ótakmarkaða ábyrgð. Einnig skal nefnt að hjá samlagsfélagi er leyfilegt að sá aðili sem ber ótakmarkaða ábyrgð sé lögaðili og þar af leiðandi getur einkahlutafélag einstaklinga verið skráð sem hinn ábyrgi aðili.

Tekjuskattur samlagsfélaga er 32,7% en þegar bóúð er að greiða þá upphæð af heildartekjum og hagnaði þá eru allar aðrar upphæðir lausar til útborgunar án skattlagningar. Ekki er því greiddur út sérstakur arður og eru engar takmarkanir á heimildum félagsmanna til úttekta. Þannig eru rúmar heimildir til að taka fjármuni út úr rekstrinum. Aftur á móti gæti skattlagning arðgreiðslna og hagnaðar í einkahlutafélagi farið langt upp fyrir þessi 32,7% með breyttum skattareglum og því orðið óhagstæðari kostur.

Auðvelt er að sýna fram á þetta hagræði af því að færa einkahlutafélag sitt yfir í samlagsfélag með einföldu reikningsdæmi sem sýnir hvernig skattlagning hagnaðar í einkahlutafélagi gæti orðið mun hærrí en hjá samlagsfélagi. Eftirfarandi reikningsdæmi var tekið fyrir á Skattadegi Deloitte, 12. janúar 2010 en með kynninguna fór Vala Valtýsdóttir, forstöðumaður skatta- og lögfræðisviðs Deloitte.


Tafla 3.1 Samanburður skattlagningar (Deloitte, 2010)

	Einkahlutafélag		Samlagsfélag
Hagnaður:	3.525.300	Hagnaður:	3.525.300
18% skattur af:	634.554	32,7% skattur af:	1.152.773
Hagnaður eftir skatt:	2.890.746		
		Skattlagning af hagnaði félags:	1.152.773
Skattalegt bókfært e.fé: (hagnaður + lágm.hlutafé)	4.025.300	eða 32,7% skattur	
Arður til útgreiðslu er upphæð hagnaðar eftir skatt.			
20% af skattalegu bókfærðu e.fé	805.060		
- greiddur er 18% skattur af því	144.911		
Eftir stendur:	2.085.686		
(Hagn.e.skatt - 20% af bókf.e.fé)			
Sem skiptist til helminga:	1.042.843 (x2)		
Annar helmingur með 18% skatt:	187.712		
Hinn helmingur með 46,1% skatt:	480.751		
(3. þrep skv. þrepaskiptum tekjuskatti)			
Skattlagning af hagnaði félags:	1.447.927		
eða um það bil 41% skattur			


3.1 Breytingar á eignarhaldi vegna nýrra skattareglna

Gríðarleg aukning hefur orðið undanfarið í stofnun nýrra samlagsfélaga og má meðal annars rekja þessa aukningu til hagræðingar á eignarhaldi fyrir eigendur skúffufélaga. Endurskoðendafyrirtæki á Íslandi eru nú í óðaönn að færa eignarhaldsfélög viðskiptamanna sinna yfir í samlagsfélagiformið með sameiningu eða öðru slíku að beiðni eigenda félaganna (Kristján Markús Bragason, hjá PricewaterhouseCoopers, munnleg heimild, 25. mars 2010).

Til samanburðar má nefna að 96 samlagsfélög voru skráð á Íslandi í janúar 2010 en það er svipaður fjöldi og skráður var allt árið í fyrra. Í febrúar 2010 voru síðan skráð 64 samlagsfélög til viðbótar. Á móti gríðarlegri fjölgun nýskráðra samlagsfélaga, fækkaði nýskráningum einkahlutafélaga um tæplega 36% á milli árána 2010 og 2009. Má þar nefna að heildarfjöldi nýskráðra einkahlutafélaga fyrstu tvo mánuði þessa árs er 305 talsins, þegar 459 ný einkahlutafélög voru stofnuð á sama tímabili árið 2009 (Hagstofa Íslands, 2010b).



Mynd 3.1 Nýskráningar einkahlutafélaga eftir mánuðum 2008-2010 (Hagstofa Íslands, 2010b)



Mynd 3.2 Nýskráningar samlagsfélaga 2008-2010 (Hagstofa Íslands, 2010a)


Auðvelt er að sjá á myndum 3.1 og 3.2 samdrátt í skráningu einkahlutafélaga miðað við gríðarlega fjölgun samlagsfélaga. Má þar að auki benda á að einungis er um að ræða fyrstu tvo mánuði ársins 2010 en á fyrri árum er horft á heildarfjölda nýskráninga yfir allt árið.

Á þennan hátt eru eigendur skúffufélaganna að hagræða fjármunum sínum með því að sameina félög sín eða stofna ný samlagsfélög þar sem einkahlutafélagið sem fyrir var er látið bera hina ótakmörkuðu ábyrgð fyrir heildarskuldbindingum félagsins en einstaklingarnir ekki. Eigendurnir eru síðan einnig stofnendur í félaginu en bera einungis takmarkaða ábyrgð í samræmi við framlagt stofnfé, þrátt fyrir að geta

átt allt að 90% í félaginu. Með þessu móti eru þeir lausir við persónulega ábyrgð líkt og tíðkaðist með einkahlutafélagið og þar sem eigendur einkahlutafélaganna bera takmarkaða ábyrgð ber í raun enginn fulla persónulega ábyrgð á skuldbindingum samlagsfélagsins sem stofnað var. Allar eignir einkahlutafélagsins standa þó að sjálfsgöðu að baki ótakmörkuðu ábyrgðinni og renna upp í skuldir samlagsfélagsins sé það tekið til gjaldþrotaskipta. Samt sem áður er ekki hægt að ganga á eignir einstaklinganna sjálfra og þar sem íslenskir auðmenn eru nú í óðaönn að færa allar eignir sínar inn í eignarhaldsfélög í aflandsríkjum eru þeir með því móti að fjarlægja allar eignir sínar út úr einkahlutafélagunum og forða þeim burt. Þannig situr eftir skúffufélag sem engar eignir á en ber samt sem áður fulla ábyrgð á skuldbindingum nýja samlagsfélagsins sem búið er að stofna. Með þessu móti eru engar eignir til að ganga á ef samlagsfélagið verður gjaldþrota.

4 Hlutur endurskoðenda auk annarra eftirlitsaðila

Þegar horft er yfir liðna atburði sem hafa átt sér stað í þjóðfélaginu í kjölfar fjármálahrunsins er skiljanlegt að mikil reiði og vonbrigði bærst meðal almennings. Það er sárt til þess að vita að kannski hefði þetta ekki þurft að fara svona illa ef þeir sem réðu ferðinni hefðu haldið betur á spilunum. Algengt er að reiði almennings beinist því að endurskoðendum, en þó skal vekja athygli á því hversu litla þekkingu almenningur hefur á störfum endurskoðenda. Þykir gott að geta kennt einhverjum um þær aðstæður sem ríkja á íslenskum fjármálamarkaði í dag og liggja endurskoðendur afar vel við höggi. Samt sem áður má sjá út frá könnun sem framkvæmd var af meistaranámsnemum í reikningshaldi og endurskoðun við Háskóla Íslands, að endurskoðendur eru aðeins lítill hluti þeirra sem almenningur telur ábyrga fyrir hruni íslenska fjármálakerfisins. Voru niðurstöður könnunarinnar kynntar á Endurskoðunar-ráðstefnu þann 26. mars 2010.



Mynd 4.1 Könnun um ábyrgð á bankahruninu (Gréta, Hanna Lára, Hrund, Margrét, María, Steinunn, munnleg heimild, 26.mars, 2010)

Að mínu mati eru útrásarvíkingarnir, stjórnendur bankanna og eftirlitsaðilar ábyrgir fyrir hruni fjármálakerfisins en eftirlitsstofnanir voru vanbúnar til að takast á við alþjóðavæðinguna og þann mikla vöxt sem henni fylgdi. Því náðu þær ekki að fylgja eftir þeirri þróun sem varð í kjölfar einkavæðingar bankanna. Virtist einnig hafa dregið verulega úr skatteftirliti á þessu tímabili en miklir peningar voru í umferð þar

sem stór hluti þeirra rann í ríkissjóð og því enginn tilbúinn að raska þessu góða fjárflæði. Formaður efnahags- og skattanefndar meira að segja skammaðist út í skatteftirlitið þegar góðærið stóð sem hæst, fyrir að vera angra fyrirtækin í landinu með óþarfa bréfum og ekki þótti við hæfi að koma með tillögur til úrbóta á göllum í skattalögunum (Aðalsteinn Hákonarson og Guðni Björnsson, 2009).

Að lokum kom að stóra skellinum og hrundi íslenska fjármálakerfið með þeim afleiðingum að nú er nær ómögulegt fyrir stjórnvöld að reyna ná til baka fjármagninu sem skotið var undan þar sem það er annaðhvort tapað líkt og allir viðskipta-pappírarnir sem urðu verðlausir í hruninu eða búið að forða því í burtu til aflandsríkja.

Endurskoðendur voru samt sem áður ábyrgir að einhverju leyti fyrir hruni íslenska fjármálakerfisins, einkum sökum andvaraleysis. Mætti halda að fáir hefðu betri sýn á rekstur og stöðu fyrirtækja en endurskoðendur þeirra en þess ber þó að geta að endurskoðendur taka ekki ákvarðanir í rekstri viðskiptavina sinna. Þrátt fyrir það hefðu endurskoðendur mátt vita af þeirri áhættu sem stöðugt safnaðist upp í efnahagslífinu sökum útrásarinnar í fjármálageiranum sem á endanum myndi skuldsetja alla þjóðina og setja hana á hausinn.

Ef horft er á þetta sömu augum má einnig geta þess að þóknarir til endurskoðunarfyrirtækja síðustu árin hlupu á milljörðum króna, sem ýmist voru tilkomnar vegna beinna endurskoðunarstarfa eða annars konar þjónustu, sem í mörgum tilvikum var verið að veita sömu aðilum og greiddu fyrir endurskoðunina. Í þessum tilvikum gátu hagsmunirnir orðið það miklir og samtvinnaðir að ekki var hægt að standa gegn kröfum eða vilja kunnans nema verða fyrir miklum fjárhagslegum skaða. Þar sem gróðinn var gífurlegur þegar góðærið stóð sem hæst, bæði fyrir endurskoðendur, viðskiptavini þeirra sem og bankanna, virtist enginn vilja breyta gangi sögunnar. Allt hefur þó sín takmörk og endaði góðærið með þessum þvívíka skelli sem lagði allt fjármálakerfi heillar þjóðar í rúst á nánast einum degi. Hæpið þykir þó að endurskoðendur hefðu getað stöðvað þessa hröðu þróun sem átti sér stað á fjármálamarkaðnum rétt fyrir hrun, eins og Aðalsteinn Hákonarson (2009) komst svo að orði: „...það væri samt óraunhæft að halda því fram að endurskoðendur hefðu getað stöðvað þessa þróun, en þeir hefðu að mínu mati getað látið meira til sín taka...“ (bls. 18).

Það eru ótalmargar spurningar sem vefjast fyrir almenningi í sambandi við endurskoðendur. Til að mynda þá virtust endurskoðendur skrifa upp á hvern ársreikninginn á fætur öðrum án athugasemda og þótti ekkert varhugavert að árita

reikningsskil skúffufélaganna þar sem skuldir voru færðar inn í félögin svo milljörðum skipti án þess að nokkrar eignir kæmu þar á móti (Kristján Markús Bragason, hjá PricewaterhouseCoopers, munnleg heimild, 25. mars 2010). Hvernig gátu þessi félög sýnt fram á að geta staðið við skuldbindingar sínar þegar engar eignir né tekjur komu inn til móts við skuldirnar? Mörgum spurningum er enn ósvarað og óvíst að almenningur fái nokkurn tíma svör sem vit er í.

Rannsóknarnefnd Alþingis birti nýverið álit sitt í rannsóknarskýrslu sinni um nauðsyn þess að rannsaka gaumgæfilega endurskoðendur þeirra fjármálafyrirtækja sem féllu haustið 2008 og í ársbyrjun 2009 þar sem vísbendingar liggja fyrir um að þeir hafi brotið starfsskyldur sínar við endurskoðun þessara fyrirtækja. Eins og fram kom á fréttavef Morgunblaðsins (2010) telur rannsóknarnefndin að endurskoðendur hafi ekki sinnt nægilega skyldum sínum við endurskoðunina, til að mynda hafi þeir ekki metið á trúverðugan hátt virði útlána til stærstu fyrirtækjanna, meðferð á hlutabréfaeign starfsmanna, fyrirgreiðslu fjármálafyrirtækjanna til kaupa á hlutabréfum í sjálfum sér ásamt öðrum atriðum er varða ársreikning fyrirtækjanna.

Líkt og Bjarni Frímánn Karlsson lektor við Háskóla Íslands fjallaði um í fyrirlestri sínum „Glögg mynd eða glansmynd“, sem fluttur var við opinn umræðufund um lærdóma af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis þann 27. apríl 2010, telur hann að eigið fé bankanna hafi verið stórlega ofmetið til þess eins að stækka efnahagsreikning þeirra. Bjarni telur mikilvægt að til að stuðla að óhæði og sjálfræði í starfi sé mikilvægt að endurskoða reglurnar og jafnvel taka til greina að endurskoðandi starfi ekki lengur en þrjú ár fyrir sama félagið. Einnig hefur Aðalsteinn Hákonarson endurskoðandi komið því fram í skrifum sínum að mikilvægt sé að skipta reglulega um endurskoðunarfyrirtæki til að stuðla enn fremur að óhæði og til að koma í veg fyrir að vinna endurskoðendanna verði vanabundin. Komi í ljós síðar að endurskoðendur hafi skrifað undir ofmetna ársreikninga félaga þar sem eignir væru í raun verðlausar hafa þeir gert sig seka um refsivert athæfi og verða þá væntanlega dæmdir fyrir það (Ríkisútvarpið, 2010).

Að lokum skal þess þó getið að „endurskoðendur eru vel menntuð stétt sem býr yfir mikilli þekkingu á atvinnulífinu og vel til þess hæfir að sinna sínu starfi“ (Aðalsteinn Hákonarson, 2009).

5 Lokaorð

Þegar horft er yfir atburði síðastliðinna ára telja margir að líklega stærsti örlagavaldurinn að hruninu hafi verið þessi skúffufélög sem gengu kaupum og sölum á markaðnum. Verð hlutabréfa og annarra bréfa rauk upp úr öllu valdi og þegar lausafjárkreppan skall á var virði þessara félaga gjörsamlega út úr kortinu. Íslensku bankarnir voru bakhjarlar skúffufélaganna en þeir tóku erlend lán til að fjármagna kaup þeirra og síðan sátu einkavæddu bankarnir uppi með skellinn. Má segja að skúffufélagavæðingin hafi gert það að verkum að ríkið sem tók við bönkunum er nú skuldugt upp fyrir haus við erlenda kröfuhafa.

Nauðsynlegt er að greiða sem fyrst úr þessum málum og þykir brýnt að Alþingi fari að huga að lögum er þrengja skilyrði fyrir stofnun þessara skúffufélaga. Til að mynda mætti nefna skilyrði þess að fyrir stofnun félaganna verði að liggja fyrir einhver rekstur, þ.e. að fyrirtækin hafi undir höndum einhverja framleiðslu á vöru eða selji þjónustu af einhverju tagi. Auka þarf eftirlit með lögnum og setja þarf hörð viðurlög við brotum á þeim. Það er einnig hlutverk skattyfirvalda að tryggja rétta skattlagningu og gæta jafnræðis með öflugum og markvissu eftirliti. Nauðsynlegt er að þeir sem uppvísir eru að undanskotum verði látnir sæta ábyrgð því það friðar réttlætiskennd þjóðarinnar og styrkir samfélagið.

Hlutur endurskoðenda í þessu öllu saman hefur vakið gríðarlega athygli og þá sérstaklega eftir að rannsóknarskýrsla Alþingis var birt almenningi nú í byrjun árs 2010. Þar sem grunur leikur á refsiverðu athæfi að hálfu endurskoðenda er fullvíst að mikil vinna liggur framundan við að rannsaka þessi mál. Lítur allt út fyrir að rannsóknaraðilar séu að vinna sína vinnu og þótti stórt skref fram á við þegar tilkynnt var um væntanlega kyrrsetningu eigna í eigu allra helstu útrásarvikinganna. Af þessu leiðir að íslenska þjóðin fær smám saman aukið traust á fjármálamarkaðinum með von um að fljótlega sjái fyrir endann á þessum erfiðleikum sem nú ríkja í þjóðfélaginu.

Heimildaskrá

Bæklingar

Deloitte (2010). *Skattaleg mismunun – mismunandi skattlagning eftir rekstrarformum* [bæklingur]. Reykjavík: Deloitte hf.

PricewaterhouseCoopers (2009). *Skattar 2008-2009, Upplýsingar um skattamál einstaklinga og fyrirtækja* [bæklingur]. Reykjavík: PricewaterhouseCoopers hf.

PricewaterhouseCoopers (2010). *Skattar 2009-2010, Upplýsingar um skattamál einstaklinga og fyrirtækja* [bæklingur]. Reykjavík: PricewaterhouseCoopers hf.

Dagblöð

Agnes Bragadóttir (2008, 23. nóvember). Sjónarspil og sýndarleikir Glitnis og FL Group. *Morgunblaðið*, bls. 12-13.

Stígur Helgason (2010, 22. apríl). Nær allir stórlaxarnir eru grunaðir um skattsvik. *Fréttablaðið*, bls. 1.

Valur Grettisson (2008, 19. nóvember). Fengu milljarða lán án ábyrgðar. *DV*, bls. 4.

Þorbjörn Þórðarson (2009, 20. ágúst). Skúffufyrirtæki skulduðu yfir þúsund milljarða. *Morgunblaðið*, bls. 1.

Þórður Snær Júlíusson (2009a, 12. febrúar). Félög skráð á Tortola eru 136 talsins. *Morgunblaðið*, bls. 1.

Þórður Snær Júlíusson (2009b, 12. febrúar). Kaupþing sá um 52 félög. *Morgunblaðið - Viðskipti*, bls. 7.

Þórður Snær Júlíusson (2009c, 13. febrúar). Tortola-félögin eru mörg hundruð. *Morgunblaðið*, bls. 17.

Þórður Snær Júlíusson (2009d, 19. febrúar). Félög skráð á Tortola-eyju fluttu peninga frá Íslandi. *Morgunblaðið – Viðskipti*, bls. 1.

Þórður Snær Júlíusson (2009e, 20. febrúar). Fé í skattaskjólum fimmtúfaldadist. *Morgunblaðið*, bls. 16.

Þórður Snær Júlíusson (2009f, 10. september). Eignir í skattaskjólum jukust um 40% í fyrra. *Morgunblaðið*, bls. 1.

Lagasafn

Lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006

Lög um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum nr. 36/1991.

Lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996

Lög um tekjuöflun ríkisins nr. 128/2009

Tímarit

Aðalsteinn Hákonarson (2009, júní). Hrun bankakerfisins – Gátu endurskoðendur gert betur?, *Tíund – fréttablað RSK*, 23(2), bls. 17-19.

Aðalsteinn Hákonarson og Guðni Björnsson (2009, nóvember). Hverju skilar skatteftirlit?, *Tíund – fréttablað RSK*, 23(3), bls. 32-33.

Fjölbreytt þjónusta (2008, apríl). *Skattatíðindi KPMG*, (31), bls. 2.

Jón Ásgeir Tryggvason (2000, maí). Einstaklingsrekstur eða einkahlutafélag?, *Tíund – fréttablað RSK*, 14(1).

Páll Kolbeinsson (2009, mars). Einstaklingar og fyrirtæki kíkna undan skuldum, *Tíund – fréttablað RSK*, 23(1), bls. 37-38.

Vefsíður

Guðrún Kvaran (2009): *Hvað þýðir orðið aflands ríki? Er þetta nýtt orð?* Skoðað 24. mars 2010 á Vísindavefnum: <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=52028>

Hagstofa Íslands (2010a). *Fjöldi fyrirtækja og félaga eftir rekstrarformum 2005-2009*. Skoðað 4. apríl 2010 á vef Hagstofu Íslands: <http://www.hagstofa.is/Hagtolar/Fyrirtaeki-og-velta/Fyrirtaeki>

Hagstofa Íslands (2010b). *Nýskráningar og gjaldþrot fyrirtækja í febrúar 2010*. Skoðað 4. apríl 2010 á vef Hagstofu Íslands: <http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=4515>

Ingi Freyr Vilhjálmsson (2010). *Glitnisstefnan snýst um Stím-málið að hluta*. Skoðað 21. apríl 2010 á fréttavef DV: <http://www.dv.is/frettir/2010/4/7/glitnisstefnurnar-snuast-um-stim-malid/>

Lóa Pind Aldísardóttir (2009). *Auðmenn keyptu hús sín í gegnum eignarhaldsfélög*. Skoðað 10. febrúar 2010 á fréttavef Vísis: <http://www.visir.is/article/20090625/FRETTIR01/26210312>

Mbl.is (2010). *Endurskoðendur verði rannsakadir*. Skoðað 2. maí 2010 á fréttavef Morgunblaðsins: http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2010/04/12/endurskodendur_verdi_rannsakadir/

Ritstjórn DV (2009). *Skúffufyrirtæki ber enga áhættu af milljarða kúluláni*. Skoðað 10. febrúar á fréttavef DV: <http://www.dv.is/frettir/2009/12/22/skuffufyrirtaeki-ber-engahaettu-af-milljarda-kululani/>

Ríkisútvarpið (2009a). *Mikil skuld en engin starfsemi*. Skoðað 3. febrúar 2010 á fréttavef Ríkisútvarpsins: <http://www.ruv.is/heim/frettir/frett/prenta/store64/item294835/>

Ríkisútvarpið (2009b). *Mörg félög stofnuð í Lúxemborg*. Skoðað 25. mars á fréttavef Ríkisútvarpsins: <http://www.ruv.is/heim/frettir/frett/store64/item254346/>

Ríkisútvarpið (2010). *Brutu endurskoðendur lög?* Skoðað 2. maí 2010 á fréttavef Ríkisútvarpsins: <http://www.ruv.is/frett/brutu-endurskodendur-log>

Stígur Helgason (2009). *Lagfærði húsið fyrir fimmfalt kaupvirði*. Skoðað 10. febrúar á fréttavef Vísis: <http://www.visir.is/article/20090625/FRETTIR01/63207597>

Vísir.is (2008). *Glitnir þarf að afskrifa 13 milljarða vegna Stíms*. Skoðað 21. apríl 2010 á fréttavef Vísis: <http://www.visir.is/article/20081120/VIDSKIPTI06/132970496>

Vísir.is (2009a). *Dularfullur sjóður*. Skoðað 20. apríl 2010 á fréttavef Vísis: <http://www.visir.is/article/20091210/VIDSKIPTI06/948509661>

Vísir.is (2009b). *Skilanefnd Glitnis veit engin deili á stærsta erlenda kröfuhafanum*. Skoðað 20. apríl 2010 á fréttavef Vísis: <http://www.visir.is/article/20091210/VIDSKIPTI06/879856089>

Vísir.is (2009c). *Stærsti kröfuhafinn er skúffufyrirtæki*. Skoðað 20. apríl 2010 á fréttavef Vísis: <http://www.visir.is/article/20091211/VIDSKIPTI07/538204558/-1>

Þorsteinn Vilhjálmsson (2009): *Hvað er átt við þegar talað er um aflandseyjar í tengslum við fjármálastarfsemi? Er þetta nýtt orð?* Skoðað 24. mars 2010 á Vísindavefnum: <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=52511>

Þórður Snær Júlíusson (2010). *Efnaðir Íslendingar fluttu fé í skattaskjól*. Skoðað 25. mars 2010 á fréttavef Viðskiptablaðsins: <http://www.vb.is/frett/1/58137/>